

Reykjavík, 22. maí 2015

Samkomulag um sátt vegna brots ALM Verðbréfa hf. á 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Hinn 31. mars 2015 gerðu Fjármálaeftirlitið og ALM Verðbréf hf. (hér eftir nefndur málsaðili) með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.).

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 29. gr. fttl. með því að kaupa eigin bréf í fyrirtækinu þannig að eigin hlutir námu alls 11,7% af nafnverði innborgaðs hlutfjár.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 750.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana og látið af þeirri háttsemi sem samkomulag þetta varðar.

Málsatvik

Þann 11. desember 2014 barst Fjármálaeftirlitinu uppfærð hlutaskrá fyrir málsaðila þar sem fram kom að fyrirtækið hefði keypt eigin bréf þannig að eigin hlutir námu alls 11,7% af nafnverði innborgaðs hlutfjár. Ástæða kaupanna var að fyrirtækið þurfti að bregðast skjótt við breytingum á eigendahópi fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitið sendi málsaðila bréf þann 15. janúar 2015 þar sem fram kom að af þeim upplýsingum sem málsaðili hefði látið Fjármálaeftirlitinu í té virtist sem fyrirtækið hefði keypt eigin hluti umfram 10% af nafnverði innborgaðs hlutfjár, í andstöðu við 1. mgr. 29. gr. fttl.

Með hliðsjón af framangreindu fór Fjármálaeftirlitið fram á að málsaðili lækkaði hlutfall eigin bréfa í fyrirtækinu þannig að það færi undir lögmark, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998. Þann 13. febrúar sl. barst Fjármálaeftirlitinu ný hlutaskrá fyrirtækisins þar sem fram kom að hlutfall eigin hluta fyrirtækisins væri komið niður í 9,20% af útgefnu hlutfé.

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 29. gr. fttl. má samanlagður eignarhlutur fjármálafyrirtækis og dótturfélaga þess ekki nema hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutfjár eða stofnfjár fyrirtækisins. Eignist viðkomandi meira af hlutfénu eða stofnfénu vegna lúkningsar viðskipta, sbr. 22. gr., skal slíkt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt allt að þriggja mánaða frest til að koma eignarhlutnum niður í lögmark. Um heimildir fjármálafyrirtækis til að eignast eigin hluti gilda að öðru leyti ákvæði VIII. kafla hlutfélagalaga.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem það hefur eftirlit með og brýtur gegn 29. gr. ffl., sbr. 11. tölul. 110. gr. sömu laga og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 500 þús. kr. til 50 millj. kr., sbr. 2. mgr. 110. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 29. gr. ffl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 111. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar hefur Fjármálaeftirlitið tekið tillit til þess að málsaðili hefur þegar gert ráðstafanir til úrbóta vegna brotsins innan þeirra tímamarka sem Fjármálaeftirlitið setti og ekki liggur fyrir að um ásetning hafi verið að ræða af hálfu fyrirtækisins. Þá hefur Fjármálaeftirlitið tekið tillit til stærðar og tegundar málsaðila.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brotsins, þ.e. að fyrirtækið keypti eigin hluti sem voru 1,7% umfram lögbundið hámark, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 750.000 kr.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 111. gr. ffl. og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.